



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 9

640 HÚSAVÍK

Garðabær, 12.12.2024

Málsnúmer: 202412-0037

BK

Efni: Vegir í náttúru Íslands - Tillaga á vinnslustigi vegna aðalskipulags Norðurþings 2025-2045

Vísað er í tölvubréf frá Norðurþingi sem barst þann 9. desember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi vegna aðalskipulags Norðurþings 2025-2045. Sveitarfélagið vinnur að skráningu vega samhliða endurskoðun aðalskipulags en samkvæmt 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018 ber sveitarfélögum að gera skrá yfir vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil í aðalskipulagi.

Náttúrufræðistofnun leggur ekki mat á einstaka vegslóða innan sveitarfélagsins á þessu stigi en vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Taka þarf tillit til náttúruverndargildis svæða þegar ákvörðun er tekin um hvort að umferð vélknúinna ökutækja sé leyfileg eða ekki. Í einhverjum tilfellum gæti verið ástæða til að banna akstur og þar með loka slóðum sem mögulega hafa myndast. Við mat á náttúruverndargildi þessara svæða þarf m.a. að taka tillit til verndarstöðu (hvort svæðið sé innan marka friðlýsts svæðis, svæðis innan C-hluta náttúru-minjaskrár, svæðis sem fellur undir 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka verndun, hverfisverndarsvæðis, vatnsverndarsvæðis o.s.frv.), hvort vegstæðið raski jarðminjum með hátt verndargildi, vistgerðum með hátt verndargildi eða búsvæðum fugla og hvort vegstæðið raski landslagsheildum eða ásýnd svæða.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur